

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breytingar á deiliskipulagi Smiðjuvalla á Akranesi.

1. Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 28. júlí 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum nr. 11 og 13-15 við Smiðjuvelli. Breytingin felst í því að lóðirnar nr. 11 og 13-15 eru sameinaðar í eina lóð. Nýtingarhlutfall verður sem áður að lágmarki 0,1, en 0,5 að hámarki. Byggingarskilmálar breytast ekki.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

2. Á sama fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar þann 28. júlí 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni nr. 32 við Smiðjuvelli. Breytingin felst í að ný tenging lóðarinnar við Smiðjuvelli 32 frá Þjóðbraut gerir ráð fyrir því að hægt verði að keyra inn á lóðina þegar ekið er Þjóðbraut til suðurs. Ekki verður hægt að aka út af lóðinni inn á Þjóðbraut. Áfram er gert ráð fyrir inn- og útakstri að og frá lóðinni frá Smiðjuvöllum.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 16. ágúst 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2007